

## Hverfisráð Breiðholts

Árið 2014, þriðjudagur 23. september kl. 16:30, var haldinn 103. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í Gerðubergi, G-sal. Viðstaddir voru: Nichole Leigh Mosty formaður, Jórunn Pála Jónsdóttir, Aðalheiður Franzdóttir, Sigmundur Þórir Jónsson, Unnur Ágústsdóttir varamaður, Helgi Kristófersson fulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholt, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Sigþór Ágústsson, Kristján Guðmundsson og Omar Ahmed Awad varamaður hans boðuðu forföll. Allir aðal- og varamenn voru boðaðir á fundinn.

### Þetta gerðist:

1. Markaður í Breiðholti  
Hafðís Jónsdóttir mætti á fundinn fyrir hönd skipuleggjenda Breiðholtsmarkaðarins, en frumkvöðlar í Breiðholti eru að fara að halda markað laugardaginn 8. nóvember. Á markaðnum verður handverk til sölu og flóamarkaður. Einnig er opið fyrir fyrirtæki sem vilja kynna sig. Skipuleggjendur vilja halda viðburðinn og móta síðan næstu skref í framhaldinu. Fullt er á markaðinn sem fer fram í Gerðubergi. Rætt var um húsnæði sem þyrfti e.t.v. að vera stærra ef tekið er mið af þeim áhuga sem íbúar sýna þessum viðburði. Óskar nefndi að Þjónustumiðstöð geti aðstoðað við markaðssetningu. Arnar verður skipuleggjendum innan handar þegar nær dregur. Rætt var um að taka málið áfram til umræðu eftir að markaðurinn hefur verið haldinn. Óskar stingur upp á að halda opinn íbúafund um viðburði í hverfinu og hugmyndir íbúa um þá. Möguleg dagsetning gæti verið 26. nóvember. Hverfisstjóri og formaður hverfisráðs taka málið að sér.
2. Miðlun og samfélagsmiðlar  
Rætt um birtingu netfanga fulltrúa í hverfisráði á vef Reykjavíkurborgar. Arnar sendir lista yfir þau netföng á fulltrúa til samþykkis. Facebooksíða hverfisráðs er til staðar. Nýtt hverfisráð þarf að fá aðgang að síðunni. Arnar tekur að sér að skoða málið. Skýra þarf upp hvernig síðan er nákvæmlega notuð. Rætt um að koma á námskeiði í samfélagsmiðlun, e.t.v. sameiginlega með stjórnendum í hverfinu. Hverfisstjóri og formaður hverfisráðs skoða hvaða aðila væri hægt að fá til að halda slíkt námskeið. Rætt verður við Breiðholtsblaðið um hvort unnt sé að fá svæði til ráðstöfunar í blaðinu.
3. Málefnalisti frá ÍBB  
Málefnalisti frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt lagður fram til kynningar. Fyrirspurnir um þau mál sem þar er fjallað um hafa verið sendar inn í borgarkerfið. Rætt um að skapa verklag og ferla sem tryggja að málefnalistinn berist beint til þeirra aðila sem fjalla um málin sem á honum eru. Leitað verður eftir því að fá fulltrúa frá Umhverfis- og skipulagssviði til að mæta á fund hjá hverfisráði. Rætt var um að vinna með ungmennaráði Breiðholts í að móta aðgerðir til að sporna gegn veggjakroti í hverfinu. Gert er ráð fyrir að fulltrúar frá ungmennaráði mæti á næsta fund, en þá verður búið að skipa í nýtt ráð.
4. Biðlisti á Þjónustumiðstöð Breiðholts  
Rætt um biðlista á Þjónustumiðstöð Breiðholts vegna greininga. Formaður hverfisráðs fundaði með deildarstjóra á Þjónustumiðstöð Breiðholts til að fá upplýsingar um biðlista og þá aðferðafræði sem notuð er á þjónustumiðstöðinni, m.a. við skimanir sem tryggja snemmtæka íhlutun. Hverfisráð beinir því til stýrihóps hverfisstarfs að taka málið til umræðu.
5. Önnur mál  
Rætt um fundartíma og mætingar á fundi. Fundum þarf að ljúka fyrir kl. 18:00 og því væri best að hefja fundarhöld kl. 16:15. Rætt var um mikilvægi þess að fulltrúar sem eru boðaðir mæti á fundinn, en boði annars forföll.

Fleira ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 18.04.**

Jórunn Pála Jónsdóttir  
Sigmundur Þórir Jónsson

Nichole Leigh Mosty

Aðalheiður Franzdóttir  
Unnur Ágústsdóttir